

Eintak án trúnaðar

Ákvörðun nr. 15/2021

11. maí 2021

## Samruni TFII slhf., Hringrásar ehf., og HP gáma ehf.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til samruna TFII slhf. („TFII“), Hringrásar ehf. („Hringrás“) og HP gáma ehf. („HP gámar“, og sameiginlega „fyrirtækin“). Við samrunann eignast TFII 50% hlutafjár Hringrásar annars vegar og HP gáma hinsvegar, [  
] <sup>1</sup>, og mun því a.m.k. fara með sameiginleg yferráð í félaginu. TFII er fjárfestingasjóður um framtaksfjárfestingar í óskráðum hlutafélögum í stýringu hjá Íslenskum verðbréfum ehf., og Hringrás og HP gámar eru fyrirtæki starfandi á margvíslegum mörkuðum í tengslum við endurvinnslu úrgangs, líkt og nánar er vikið að hér að neðan.
2. Samruninn var tilkynntur Samkeppniseftirlitinu þann 16. febrúar 2021 en samrunaskrá reyndist ófullnægjandi. Fullnægjandi tilkynning, samrunaskrá og fylgigögn bárust loks hinn 17. mars sl. og tóku frestir til rannsóknar samrunans því að líða 18. mars. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrri rannsókna eftirlitsins á sömu mörkuðum, auk þess sem eftirlitið leitaði upplýsinga í símtölum hjá nokkrum keppinautum samrunaaðila.
3. Starfsemi samrunaaðila, sem starfa að mestu leyti á ólíkum mörkuðum, er eftirfarandi:
  - a) TFII er fagfjárfestasjóður um framtaksfjárfestingar í óskráðum íslenskum hlutafélögum, og er sjóðurinn í stýringu hjá verðbréfafyrirtækinu Íslensk verðbréf hf., sem er sjálfstætt verðbréfafyrirtækið og óháð íslenskum viðskiptabönkum. Þá er TFII m.a. eigandi meirihluta hlutafjár í fyrirtækinu Hreinsitækni ehf. sem starfar m.a. við götuhreinsun. Eigendur fjárfestingasjóðsins TFII eru að miklu leyti stofnanafjárfestar og lífeyrissjóðir líkt og fram kemur í samrunaskrá, sem margir hverjir eru jafnframt hluthafar í fjárfestingasjóðnum SÍA III slhf. í stýringu annars verðbréfafyrirtækis.
  - b) Hringrás er fyrirtæki sem starfar við móttöku, flokkun, endurvinnslu og sölu brotajárns, málma, spilliefna, dekkja og annarra enduruninna efna hérlendis og erlendis. Þá átti fyrirtækið dótturfélagið Efnarás ehf. sem móttók og fargaði spilliefnum en starfsemi þess hefur verið lögð niður. Hringrás er með starfsemi í Reykjavík, Akureyri og Fjarðarbyggð auk þess sem félagið hefur yfir að ráða færanlegum endurvinnslustöðum.
  - c) HP gámar er fyrirtæki um eignarhald og útleigu á ruslagámum, losun gáma, en tilgangur félagsins er jafnframt kaup og sala og rekstur fasteigna og vinnuvéla ásamt tengdri lánstarfsemi og öðrum skyldum rekstri. Starfsstöðvar HP gáma eru í Grindavík, Reykjavík, Akureyri og á Reyðarfirði.
4. Samkvæmt samrunaaðilum er það markmið þeirra með samrunanum að auka hagkvæmni í rekstri Hringrásar og HP gáma með sameiningu þessara fyrirtækja undir merki Hringrásar á nýrri starfsstöð að Álphelli í Hafnarfirði. Með nýrri sameinaðri starfsstöð, betri nýtingu á flutningatækjum, lækkuðum kostnaði og samrekstri verkstæðis, muni samruninn leiða til

<sup>1</sup> Fellt út vegna trúnaðar.



aukinnar hagkvæmni í rekstri. Þótt Hreinsitækni sé í óskyldum rekstri að mati samrunaaðila muni eignarhald TFII á fyrirtækinu bjóða tækifæri til hagræðingar varðandi þætti eins og samnýtingu aðstöðu, verkstæði, fasteignir og lóðir.

5. Að mati samrunaaðila gæti áhrifa samrunans á markaði fyrir söfnun endurvinnsluefna annars vegar og markaði fyrir meðhöndlun úrgangs hins vegar, en á þessum mörkuðum fari fram og sé skörun á meginstarfsemi Hringrásar og HP gáma. Samkvæmt samrunaskrá áætla samrunaaðilar að áætluð sameiginleg hlutdeild félaganna á heildarmarkaði fyrir söfnun endurvinnsluefna og meðhöndlun úrgangs sé lág eða um 5-10% fyrir árið 2019, en fyrirtækið Terra umhverfisþjónusta hf. sé með áætlaða 25-30% og Íslenska gámafélagið ehf. með áætlaða 20-25% markaðshlutdeild, að ótöldum öðrum keppinautum.
6. Þá séu skyldir vörumarkaðir að mati samrunaaðila markaður fyrir meðhöndlun og förgun spilliefna, og markaður fyrir framleiðslu og sölu á endurvinnsluefni (málmum). Aðrir óskyldir markaðir séu markaður fyrir þjónustu og viðhald á þeim, markaður fyrir hreinsun gatna og gönguleiða, markaður fyrir flutning á úrgangsolíu, og markaður fyrir meindýravarnir, þar sem Hreinsitækni sé m.a. starfandi. Þar sem engin skörun sé á starfsemi samrunaaðila á skyldum eða öðrum mörkuðum sé ekki um að ræða eiginlega markaði þar sem samþjöppun á sér stað og áhrifa samrunans gæti.
7. Varðandi eignatengsl þá upplýstu samrunaaðilar í samrunaskrá að tilteknir hluthafar og eigendur TFII, sem að miklu leyti eru stofnanafjárfestar og lífeyrissjóðir líkt og áður sagði, væru margir hverjir jafnframt eigendur í framtakssjóðnum SÍA III slhf. sem þó væri í stýringu annars fyrirtækis. Umræddur sjóður SÍA III slhf. væri eigandi meirihluta hlutfjár Terra umhverfisþjónustu hf., sem væri keppinautur samrunaaðila Hringrásar og HP gáma. Að sögn samrunaaðila væri þó vert að taka fram að enginn einstakur hluthafi í TFII og SÍA III slhf. færi með yfir 10% hlut í báðum framtakssjóðum.
8. Að virtum framangreindum upplýsingum liggur fyrir að mati Samkeppniseftirlitsins að kaup TFII og samruni aðila muni leiða til eignatengsla milli keppinauta á mörkuðum málsins vegna sameiginlegs eignarhalds lífeyrissjóða í umræddum framtakssjóðum, þ.e. TFII annars vegar og í SÍA III slhf. hins vegar, þó á grundveli minnihlutaeignar umræddra lífeyrissjóða. Með samrunanum verða tilteknir fjárfestir TFII, samtímis en óbeint, hluthafar í Hringrás, HP gámum, og Terra umhverfisþjónustu hf.
9. Samkeppniseftirlitið hefur í fyrri úrlausnum sínum fjallað um skaðleg áhrif slíkra eignatengsla á samkeppnismörkuðum, svo sem vegna fjárfestinga lífeyrissjóða, og rannsóknir sem benda til slíkra áhrifa. Þannig getur minnihlutaeign í fleiri keppinautum dregið úr samkeppnishvötum viðkomandi fyrirtækja, aukið hættu á samráði eða þegjandi samhæfingu keppinauta (e. horizontal coordinated effects), leitt til útilokunar (e. vertical effects), og jafnvel aðgangshindrana fyrir nýja keppinauta á markaði.<sup>2</sup> Þá gekkst TFII áður undir skilyrði og sátt við Samkeppniseftirlitið vegna slíkra eignatengsla minnihlutahluthafa, við kaup framtakssjóðsins á Hreinsitækni ehf. árið 2017, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 41/2017, *samruni TFII slhf. og Hreinsitækni ehf.*<sup>3</sup>

<sup>2</sup> Sjá t.d. Samtal um Samkeppni, Eignarhald á atvinnufyrirtækjum, hlutverk lífeyrissjóða og áhrif á samkeppni Minnisblað til undirbúnings umræðufundi miðvikudaginn 25. maí 2016, <https://www.samkeppni.is/media/raedur-2015/Samtal-um-samkeppni---eignarhald-a-atvinnufyrirtækjum-230516.pdf>

<sup>3</sup> Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 41/2017, *samruni TFII slhf. og Hreinsitækni ehf.* <sup>3</sup> [https://www.samkeppni.is/media/akvardanir-2017/Akvordun\\_41\\_2017\\_Samruni-TFII-slhf-og-Hreinsitaekni-ehf..pdf](https://www.samkeppni.is/media/akvardanir-2017/Akvordun_41_2017_Samruni-TFII-slhf-og-Hreinsitaekni-ehf..pdf)



10. Vegna hættu á að samruni TFII, Hringrásar og HP gáma sem hér er til úrlausnar hefði ofangreind skaðleg áhrif telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlega á að setja samrunanum skilyrði. Er það gert til þess að tryggja sjálfstæði og óháði stjórnar og stjórnenda Hringrásar og HP gáma annars vegar, og til þess að fyrirbyggja möguleg óæskileg eða skaðleg upplýsingaskipti frá fyrirtækjunum eða TFII og til eigenda framtakssjóðsins sem jafnframt eiga hluti í keppinautum. Samrunaaðilar lýstu yfir vilja sínum til þess að gangast undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f samkeppnislaga nr. 44/2005 og 22. gr. málsmeðferðarreglna nr. 880/2005. Stuttar viðræður leiddu til sáttar með skilyrðum sem fram koma í ákvörðunarorðum. Telur Samkeppniseftirlitið að þau leysi hin samkeppnislegu vandamál sem kynnu annars að leiða af samrunanum.
11. Í ákvæði 1.1. er kveðið á um að fulltrúar TFII í stjórnnum Hringrásar og HP gáma, og stjórnendur félaganna, skuli vera ótengdir keppinautum þeirra í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eignarhald. Þá skuli ráðgjafar og þeir sem sinni hagsmunagæslu fyrir keppinauta fyrirtækjanna ekki sitja í stjórnnum samrunaaðila. Er skilyrðinu ætlað að tryggja að stjórnarmenn og stjórnendur samrunaaðila séu ótengdir og óháðir keppinautum fyrirtækjanna.
12. Í ákvæði 1.2 er kveðið á um að stjórn og starfsmenn TFII, sem tengjast óhjákvæmilega rekstraraðila Íslenskum verðbréfum hf. eða ÍV sjóðum hf., skuli haga samskiptum sínum við eigendur framtakssjóðsins, m.a. lífeyrissjóði og aðra stofnanafjórfa, með þeim hætti að samkeppni á viðkomandi samkeppnismörkuðum fyrirtækjanna sé ekki raskað. Í þessu felst m.a. eins og ákvæðið gerir kröfu um, að samkeppnislega viðkvæmar upplýsingar um rekstur félaganna berist ekki til hluthafa framtakssjóðsins sem jafnframt eiga fjárfestingar í keppinautum samrunaaðila.
13. Í ákvæði 1.3 er með sambærilegum hætti reynt að tryggja sjálfstæði samrunaaðila á samkeppnismörkuðum, með því skilyrði að meðlimir fjárfestingaráðs TFII, sem eru skipaðir af hluthöfum og koma með virkum hætti að fjárfestingarákvörðunum sjóðsins, sitji ekki samtímis í fjárfestingarráði á vettvangi TFII og Íslenskra verðbréfa hf. / ÍV sjóða hf. annars vegar, og í stjórnnum eða fjárfestingarráðum annarra framtakssjóða sem eiga eignarhluti í keppinautum Hringrásar eða HP gáma hins vegar.
14. Önnur ákvæði sáttarinnar þarfnast ekki skýringa að mati Samkeppniseftirlitsins. Sáttin var undirrituð af stjórn TFII og Samkeppniseftirlitinu þann 23. apríl 2021. Þá er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé tilefni til frekari íhlutunar vegna samrunans að öðru leyti en greinir hér að framan vegna eignatengsla keppinauta og minnihlutaeignar lífeyrissjóða, enda takmörkuð samkeppnisréttarleg skörun í starfsemi samrunaaðila.

### Ákvörðunarorð

**Kaup TFII slhf. á 50% hlut í Hringrás ehf. og HP gámum ehf. felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga eru samrunanum sett skilyrði.**



## **Sátt Samkeppniseftirlitsins og TFII slhf. vegna kaupa TFII slhf. á 50% hlut í Hringrás ehf. og HP gámum ehf.**

Kaup TFII slhf. á 50% hlut í Hringrás ehf. og HP gámum ehf. felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið og samrunaaðilar eru sammála um að unnt sé í þessu máli að vinna gegn tilteknum skaðlegum áhrifum samrunans með sátt samkvæmt 17. gr. f samkeppnislaga. Í henni felst að sameinað fyrirtæki skuldbindur sig til að hlíta eftirfarandi skilyrðum í starfsemi sinni, sbr. einnig 17. gr. c samkeppnislaga.

### **1.**

#### **Almennt**

Markmið sáttar þessarar er að sporna gegn samkeppnishindrunum sem stafað geta af eignatengslum á milli Hringrásar ehf., HP gáma ehf. annars vegar og keppinauta þess hins vegar, vegna eignarhalds TFII slhf. á Hringrás ehf. og HP gámum ehf. og eignarhaldi einstakra hluthafa í TFII slhf. á keppinautum félaganna. Skulu þessir aðilar eins og þeim frekast er unnt tryggja sjálfstæði Hringrásar ehf. og HP gáma ehf. á þeim mörkuðum sem fyrirtækin starfa á.

#### **1.1**

##### **Sjálfstæði Hringrásar ehf. og HP gáma ehf.**

Þeir sem TFII slhf. skipar í stjórn Hringrásar ehf. og HP gáma ehf., skulu ekki vera tengdir keppinautum Hringrásar ehf. eða HP gáma ehf. í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á við um maka ofangreindra aðila í gegnum atvinnu sem lykilstarfsmenn, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á einnig við um framkvæmdastjóra (forstjóra) og lykilstarfsmenn sem TFII slhf. kemur að ráðningu á.

Aðilar sem sinna reglubundið hagsmunagæslu eða ráðgjafastörfum fyrir keppinauta Hringrásar ehf. eða HP gáma ehf. skulu ekki sitja í stjórnnum félaganna.

#### **1.2**

##### **Eignatengsl við keppinauta raski ekki samkeppni**

Stjórn og starfsmenn TFII slhf. skulu haga samskiptum við hluthafa TFII slhf. með þeim hætti að samkeppni á þeim markaði eða mörkuðum sem Hringrás ehf. eða HP gámar ehf. starfa á sé ekki raskað. Meðal annars skal tryggja að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar berist ekki til hluthafa sem jafnframt eiga eignarhlut í keppinautum Hringrásar ehf. eða HP gáma ehf.

#### **1.3**

##### **Fulltrúar fjárfestingaráðs TFII slhf.**

Fulltrúar hluthafa TFII slhf. sem sæti eiga í fjárfestingaráði TFII slhf. skulu ekki eiga sæti í fjárfestingaráðum og/eða stjórnnum annarra sambærilegra framtakssjóða hjá öðrum rekstraraðilum, en ÍV sjóðum hf. og/eða tengdum aðilum, sem eiga eignarhluti í fyrirtækjum sem eru keppinautar Hringrásar ehf. eða HP gáma ehf.

### **2.**

#### **Kynning**

TFII slhf. ber ábyrgð á því að kynna efni þessarar sáttar fyrir stjórnarmönnum og starfsmönnum framtakssjóðsins, starfsmönnum rekstrar- og ábyrgðaraðila sjóðsins, stjórnarmönnum Hringrásar ehf. og HP gáma ehf. sem og lykilstarfsmönnum fyrirtækjanna sem TFII slhf. kemur að ráðningu á., og fyrir fulltrúum í fjárfestingaráði TFII slhf.



### **3.**

#### **Brottfall skilyrða**

Skilyrði sáttarinnar falla út gildi ef TFII slhf. missir yfirráð yfir Hringrás ehf. og HP gámum ehf. Aðilum er heimilt, sameiginlega eða hver fyrir sig, á hverjum tímapunkti að óska eftir því að skilyrði þessi verði felld úr gildi, að hluta eða í heild, vegna breyttra forsendna, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

### **4.**

#### **Viðurlög**

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í sátt þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga nr. 44/2005.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson